

**Sp.**

**367. Fyrirspurnir.**

**[173. mál]**

I. Til fjármálaráðherra um aðild ríkisfyrirtækja að Vinnuveitendasambandi Íslands.

Frá Lúðvik Jósefssyni.

Hvaða ríkisfyrirtæki eru aðilar að Vinnuveitendasambandi Íslands? Hvað hafa þau, hvert um sig, greitt til Vinnuveitendasambandsins árin 1967, 1968 og 1969?

II. Til landbúnaðarráðherra um veiðiréttindi útlendinga í laxveiðiám landsins.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hve margir útlendingar hafa fengið veiðileyfi í laxám landsins árin 1967, 1968 og 1969?
2. Með hvaða hætti á leigan sér aðallega stað?
3. Hve mikið var greitt fyrir þessi veiðileyfi eða leigu í laxám í erlendum gjaldeyri s.l. 3 ár (hvert fyrir sig)?

III. Til iðnaðarráðherra um stöðlun fiskiskipa.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hvað líður störfum nefndar, sem skipuð var með bréfi, dags. 12. júlí 1967, til að vinna að tillögugerð um hentugustu gerð íslenskra fiskiskipa?
2. Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 17. apríl 1968 um rannsókn á stöðlun veiðiskipa í ákveðnar stærðir og gerðir?